

Fyrirspurn

**til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um skrifleg svör
ráðherra við fyrirspurnum frá alþingismönnum.**

Frá Arndísi Önnu Kristínardóttur Gunnarsdóttur og Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hvert er ferlið í ráðuneytinu þegar fyrirspurn skv. 57. gr. laga um þingsköp Alþingis berst frá alþingismanni sem óskar skriflegs svars? Hvernig er það skráð í skjalavistunarkefni ráðuneytisins?
2. Hversu langur tími leið að jafnaði undanfarin þrjú ár frá því að fyrirspurn var útbýtt þar til ráðuneytið sendi forseta Alþingis skriflegt svar? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.
3. Hvaða aðilar í ráðuneytinu sjá um vinnslu skriflegra svara, frágang þeirra, yfirlestur og sendingu til forseta Alþingis? Hversu langan tíma tók hvert þessara skrefa að jafnaði undanfarin þrjú ár? Svar óskast sundurliðað eftir löggjafarþingum og fyrirspyrjendum.

Skriflegt svar óskast.
